Nr. 15.
2.
júní.

Auglýsing

um

samning millum Danmerkur og Frakklands um framsölu á eptirlátnum fjármunum og ógoldnu kaupi danskra og franskra sjómanna.

1. apríl þ. á. hafa ráðherra utanríkismálanna, barón Rosenörn-Lehn og hinn hjerverandi franski sendiherra Bourée gefið út svofelldan

Samning.

Meður því að stjórn hans hátignar Dana konungs og stjórn hins franska þjóðveldis æskja þess að gefnar verði reglur um útborgun í einstökum tilfellum á kaupi, er danskir og franskir sjómenn eiga inni, og um meðferð á fjármunum látinna sjómanna þessara þjóða, þá hafa undirritaðir, er tilhlýðiligt umboð hafa fengið til þess, komið sjer saman um eptirfarandi ákvarðanir:

1. grein.

Ef danskur sjómaður, er ráðinn er á franskt skip, eða franskur sjómaður, er ráðinn er á danskt skip, er eigi viðstaddur þá er vistum er lokið og skipverjar frá skrifast, eiga hluðaðeigandi frönsku eða dönsku yfirvöld á höfninni, þar er fráskriptin fer fram, að afhenda kaup það, er hann á inni, beina leið konsúlnum fyrir þjóð þá, er hinn fjarverandi sjómaður er frá.

2. grein.

Ef danskur sjómaður, vistaður á frönsku skipi, deyr um borð á skipinu eður innan franskra endimarka, á hin franska stjórn að gæta þess að fjármunir hins látna geymist óhrærðir ef unt er.

Deyi sjómaður þessi, meðan hann er vistaður á frönsku skipi, hvort heldur í franskri höfn eða innan franskra endimarka, á hin franska stjórn að hlutast til um, svo fljótt sem verða má, að koma fjármunum hans til hins danska konsúls þar í höfn, er hann ljezt, eða á þeim stað, er næst liggur dánarstaðnum. Deyi hann á hafi úti á frönsku skipi, skulu eptirlátnir fjármunir hans afhentir hinum danska konsúl í hinni fyrstu höfn, er skipið kemur í eptir andlátið.

Sömu reglum fylgir hin danska stjórn um meðferð á eptirlátnum fjármunum fransks sjómanns, er látizt hefur, meðan hann var í vist á dönsku skipi, annaðhvort í danskri höfn eður innan danskra endimarka eða á hafi úti.

Ef danskur maður, sem vistaður er á frönsku skipi, deyr innan danskra endimarka, eða ef franskur maður, sem vistaður er á dönsku skipi, deyr innan franskra endimarka,

Bekjendtgjørelse

Nr. 15.
2den
Juni.

angaaende

en mellem Danmark og Frankrig affluttet Deklaration om Udlevering i visse Tilfælde af Efterladenskaber og tilgodehavende Hyrebeløb, der tilkomme danske og franske Sømænd.

Under 1ste April d. A. er der imellem Udenrigsminister Baron Rosenørn-Lehn og den herværende franske Gesandt Bourée blevet udvexlet følgende:

Deklaration.

Da Hans Majestæt Kongen af Danmarks Regjering og den franske Republiks Regjering ønske at give Regler i visse Tilfælde for Udbetalingen af Hyrebeløb, der tilkomme danske og franske Søfolk, ligesom for Behandlingen af Efterladenskaber efter afdøde Søfolk af begge disse Nationer, ere Undertegnede, efter dertil at have erholdt fornøden Bemyndigelse, komne overens om følgende Bestemmelser.

Artikel 1.

Dersom en dansk Sømand, der er forhyret ombord paa et fransk Skib, eller en fransk Sømand, der er forhyret ombord paa et dansk Skib, befindes at være fraværende i det Øieblik, Skibet afmønstres, skal hans tilgodehavende Hyre umiddelbart udleveres af vedkommende franske eller danske Øvrighed i den Havn, hvor Afmønstringen foregaar, til Konsulen for den Nation, hvortil den fraværende Sømand hører.

Artikel 2.

Dersom en med et fransk Skib forhyret dansk Sømand døer enten ombord eller paa fransk Territorium, skal den franske Regjering vaage over, at bemeldte Sømands Efterladenskab saavidt muligt bevares urørt.

Dersom denne Sømand døer, medens han er forhyret med et fransk Skib, hvad enten Dødsfaldet finder Sted i en fransk Havn eller paa samme Nations Territorium, skal den franske Regjering drage Omsorg for, snareste muligt, at udlevere Efterladenskabet til den danske Konsul i den Havn, hvor Dødsfaldet er indtruffet, eller paa den Plads, der ligger nærmest ved dette Sted. Døer han i aaben Sø ombord paa et fransk Skib, skal Efterladenskabet udleveres til den danske Konsul i den første Havn, Skibet anløber efter Dødsfaldet.

Den danske Regjering vil følge tilsvarende Regler med Hensyn til Behandlingen af Efterladenskabet efter en fransk Sømand, som, medens han er forhyret ombord paa et dansk Skib, døer enten i en dansk Havn eller paa dansk Territorium eller paa aaben Sø.

Hvis en ombord paa et fransk Skib forhyret dansk Sømand døer paa dansk Territorium eller omvendt, hvis en ombord paa et dansk Skib forhyret fransk Sømand døer paa

Nr. 15. 2. júní. skulu fjármunir hins látna, að frádregnum kostnaði, fengnir hinum næsta franska eða danska konsúl, svo að hann geti sent þá hlutaðeigandi yfirvaldi þar í landi, er hinn látni á heima.

Ef sjómaður, sem er þegn annarar þjóðarinnar, en vistaðar á skipi hinnar, deyr í útlandi, skulu eptirlátnir fjármunir þessa sjómanns færðir til geymslu þar í höfn, er hann ljezt í, og fengnir konsúlnum fyrir þá þjóð, er skipið er frá, en hann skilar þeim síðan, að frádregnum kostnaði, konsúl hinnar þjóðarinnar þar í höfninni.

Ef svo ber undir að efi þykir leika á um þjóðerni látins sjómanns, er talinn er á skipverjalistanum sem danskur eða franskur þegn, þá skal þó stjórn sú, er eptirlátnar eigur hans eru hjá, sjá um þær engu að síður, og senda hinni stjórninni, svo fljótt sem auðið verður, lista yfir þær með skýrslu um verð þeirra, og láta fylgja allar þær upplýsingar um manninn, er hún getur í tje látið. Svo er hún skyld að selja fjármunina hinni stjórninni í hendur jafnskjótt og hún frá henni hefur fengið fullyrðing um, að hinn látni væri í raun og vera hennar þegn.

Það er samkomulag, að um leið og selt er af hendi kaup sjómanns, er fjarverandi er, eða fjármunir hans og eignir eptir hann látinn, skal kaupframsalinu ætið fylgja reikningsuppgjörð og hinu fjármunalisti.

3. grein.

Orðið »sjómaður« þýðir í þessum samningi hvern þann, er ráðinn er á skip til eins eða annars, eður fer með því sem farþegi.

»Eptirlátnir fjármunir« merkir óborgað kaup, peninga, muni eða hluti, er dáinn sjómaður hefur eptir sig látið á skipi.

Orðið »konsúll« táknar aðalkonsúl, konsúl og varakonsúl og enn fremur hvern þann, er um stund hafa falin verið störf slíkra embætta.

Þessu til staðfestingar hafa undirritaðir ritað undir samninginn, sem öðlast gildi fyrsta maí átján hundruð áttatíu og sex, og sett undir merkisinnsigli sín.

Samið í Kaupmannahöfn í tvennu lagi hinn fyrsta apríl 1886.

(underrit.) **O. D. Rosenørn-Lehn.** (L. S.)

(underrit.) **A. Bourée.** (L. S.)

Þetta gjörist hjermeð öllum kunnugt.

Í stjórnarráði Íslands, 2. júní 1886.

J. Nellemann.

A. Dybdal.

franſk Territorium, ſkal den Afdødes Efterladenſkab, med Fradrag af Omkoſtninger, udleveres til den nærmeſte franſke eller danſke Konſul, for at denne kan overſende det til vedkommende Øvrighed i det Land, hvor den Afdøde har hjemme.

Hvis en Sømand, der henhører til en af de to Nationer og er forhyret ombord paa et af den anden Nations Skibe, dør paa en tredie Stats Territorium, ſkal denne Sømands Efterladenſkab, efter at være deponeret i den Havn, hvor Dødsfaldet har fundet Sted, hos Konſulen for den Nationalitet, hvortil Skibet hører, udleveres, med Fradrag af Omkoſtninger, til den anden Nations Konſul i ſamme Havn.

I Tilfælde af, at den paa Folkeliſten enten ſom danſk eller franſk Underſaat opførte Sømands Nationalitet ſkulde ſtille ſig tvivlſom for den Regjering, ſom er i Beſiddelſe af Efterladenſkabet, ſkal denne ikke deſtomindre drage Omſorg for det nævnte Efterladenſkab og ſnareſt muligt tilſtille den anden Regjering en Liſte over ſamme med Angivelſe af dets Værdi og ledſaget af alle de Oplysninger om den Afdøde, hvoraf den er i Beſiddelſe. Den vil ligeledes have at udlevere Efterladenſkabet til den anden Regjering umiddelbart efter fra Samme at have faaet Forſikring om, at den Afdøde i Virkeligheden var dens Underſaat.

Det er vedtaget, at ſamtidigt med, at en fraværende Sømands Hyre eller en afdød Sømands efterladte Værdigjenſtande og Effekter udleveres, ſkal Overleveringen altid være ledſaget, i førſte Tilfælde af en Afregning, i andet Tilfælde af en Inventarieliſte.

Artikel 3.

Udtrykket „Sømand" omfatter, hvor det bruges i denne Deklaration, ethvert Individ, der i en eller anden Egenſkab er forhyret med eller ſom Paſſager er ombord paa et Skib.

Udtrykket „Efterladenſkab" omfatter tilgodehavende Hyre, Penge, Effekter eller Gjenſtande, ſom en afdød Sømand maatte have efterladt ombord paa et Skib.

Udtrykket „Konſul" omfatter Generalkonſuler, Konſuler og Vicekonſuler ſamt enhver Perſon, til hvem Beſtyrelſen af et Generalkonſulat, Konſulat eller Vicekonſulat midlertidigt er overdraget.

Til Bekræftelſe heraf have de Undertegnede underſkrevet nærværende Deklaration, ſom vil træde i Kraft den førſte Maj atten Hundrede og ſex og firs, og forſynet den med deres Vaabenſegl.

Sket i Kjøbenhavn i dobbelt Udfærdigelſe den førſte April 1886.

(undert.) O. D. Rosenorn-Lehn. (L. S.)

(undert.) A. Bourée. (L. S.)

Hvilket herved bringes til offentlig Kundſkab.

Miniſteriet for Island, den 2den Juni 1886.

J. Nellemann.

A. Dybdal.